

Nr. 46.  
10.  
nóvbr.

## Lög

um

h e f ð.

**Vjer Christian hinn Níundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hefð má vinna á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafje, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign.

2. gr.

Skilyrði fyrir hefð er 20 ára óslitið eignarhald á fasteign, en 10 ára óslitið eignarhald á lausafje.

Nú hefur maður umráðum náð með glæp eða óráðvandlegu atferli, og má hann þá ekki hefð vinna. Sama er og ef hefðandi fær vitneskju um, áður en hefðin er fullnuð, að eignarhaldið sje þannig til komið.

Nú hefur hefðandi fengið hlutinn að veði, til geymslu, til láns eða á leigu, og geta þá slík umráð ekki heimilað hefð.

3. gr.

Til hefðartíma má telja óslitið eignarhald tveggja manna eða fleiri, ef eignarhaldið hefur löglega gengið frá manni til manns. Eignarhald hvers einstaks hefðanda verður að fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr.

4. gr.

Nú missir hefðandi umráð yfir hlutum og slitnar þá hefðarhaldið, nema svo sje, að hann hafi umráðin óviljandi misst, og náð þeim aptur innan 6 mánaða eða nái þeim með lögsókn, er hafin sje innan þess frests og rekin með hæfilegum hraða.

Nú er rjettur hefðanda til eignarhaldsins vefengdur með löglega birtri kæru til sáttanefndar eða dómstefnu, áður en hefðartíminn er fullnaður, og málið því næst rekið með hæfilegum hraða, eða vefengingarkröfu er lýst í bú hefðanda, og skal þá álíta hefðarhaldið slitið þann dag, er sáttarkæra eða dómstefna er dagsett, ef dómur gengur sækjanda í vil, en dagsetningardag vefengingarkröfu, verði hún gild metin af skiptarjetti.

Nr. 46. Lög 10. nóvember um hefð.

# LOV

om

H æ v d .

Nr. 46.  
10.  
Novbr.

**Vi Christian den Niende**, af Guds Naade Konge til Danmark,  
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,  
Lauenborg og Oldenburg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

## § 1.

Enhver Ting, rørlig eller urørlig, der kan være Genstand for privat Ejendomsret, kan hævdes, uden Hensyn til, om den før var i privat Eje eller offentlig Ejendomsret undergIVEN.

## § 2.

Faste Ejendomme hævdes ved 20 Aars, og Løsøre ved 10 Aars uafbrudt Ejendomsbesiddelse.

Hævdserhvervelse indtræder dog ikke, hvis Besiddelsen er opnaaet ved en Forbrydelse eller Uredelighed, ej heller, hvis Hævdsbesidderen forinden Hævdstidens Udløb bliver vidende om, at Besiddelsen er erhvervet paa den Maade.

Har Besidderen faaet Tingen til Pant, Forvaring, Laan eller Leje, kan saadan Besiddelse ikke hjemle Hævdserhvervelse.

## § 3.

Til at udfylde Hævdstiden kan flere Personers uafbrudte Besiddelse sammenlægges, naar der har fundet en retlig Succession Sted mellem de forskellige Besiddere, og hver Enkelts Besiddelse fyldestgør de i § 2 fastsatte Hævdsbetingelser.

## § 4.

Hævdsbesiddelsen afbrydes ved Besiddelsens Ophør, medmindre Besidderen har mistet Besiddelsen uden sin Vilje og generhverver Tingen, enten inden 6 Maaneder, eller under en inden nævnte Frist paabegyndt og behørig fortsat Retsfølgning.

Dersom Besidderens Ret til Tingen bestrides forinden Hævdstidens Udløb ved en lovlig forkyndt og behørig forfulgt Forligsklage eller Stævning, eller ved en Anmeldelse i Hævdsbesidderens Bo, skal Hævdsbesiddelsen anses for afbrudt fra Forligsklagens eller Stævningens Datum, hvis Sagsøgeren faar Medhold ved Dommen, eller fra Anmeldelsesdagen, hvis Anmeldelsen tages tilfølgelse af Skifteretten.

Nr. 46.

10.  
nóvbr.

5. gr.

Nú hefur maður arðberandi hlut í eignarhaldi, er til hefðar mátti leiða samkv. 2. gr., og hluturinn verður af honum dæmdur, þá ber honum að eins að standa skil á þeim arði, er hann hefur haft af hlutnum, frá þeim degi, er honum var birt sátta-kæra eða dómstefna, eða sagt var til kröfu í búi hans.

6. gr.

Fullnuð hefð skapar eignarrjett yfir hlut þeim, er í eignarhaldi var, og þarf hefðandi ekki að styðjast við aðra eignarheimild.

Afnotarjettur, sem stofnaður er áður en hefðarhaldið byrjaði, fellur úr gildi um leið og hefðin er fullnuð, ef umráð hefðanda yfir eigninni hafa útilokað afnotin. Nú stofnar annar en hefðandi afnotarjett með samningi yfir eign þeirri, er hefðandi hefur í eignarhaldi, og fellur þá afnotarjettur sá úr gildi um leið og eignarhefð er fullnuð, þótt ekki sje liðinn hefðartími fallur frá stofnun hans, ef eignarhald hefðanda hefur útilokað afnotin.

Afgjaldsskyldur, er á jörð hvíla, og sjálfsvörzluveðsrjettur falla ekki úr gildi við það, að eign sú, er rjettindi þessi hvíla á, verður hefðuð.

7. gr.

Notkun með samsvarandi skilyrðum og þeim, er gilda um eignarhefð, skapar afnotarjett.

8. gr.

Hefð á ósýnilegum ítökum, svo sem slægjum, beit, reka o. s. frv., getur að eins unnizt með 40 ára notkun og öðrum skilyrðum sömu sem eignarhefð.

9. gr.

Nú hefur maður haft jörð, er metin er til dýrleika, eða útmælda lóð í kaupstöðum eða kauptúnum í eignarhaldi í hefðartíma fullan, án þess að hafa þinglesna eignarheimild, þá getur hann fengið eignardóm fyrir fasteigninni, ef hann uppfyllir eptirfarandi skilyrði,

- 1) að hann með stefnu, sem birt er á þann hátt, er fyrir er mælt í 10 gr., innkalli með 6 mánaða fyrirvara hvern þann, er tilkall kann að gjöra til eignarinnar,
- 2) að enginn mæti samkvæmt stefnunni, er sanni rjett sinn til eignarinnar eða önnur atvik, er útiloki eignarrjett eða hefð stefnanda.

Stefnandi er ennfremur skyldur til að mæta persónulega við fyrstu fyrirtekt málsins fyrir rjettinum og leggja fram sannanir fyrir því, að stefnan hafi verið birt á lögskipaðan hátt, svo og sannanir fyrir því að hann hafi haft eignina í hefðarhaldi hefðartíma fullan, og yfirhöfuð gefa allar þær skýrslur og skýringar um eignarhaldið, er dómariinn finnur ástæðu til að heimita. Ennfremur ber honum að sanna eða gjöra sennilegt, að hann hefði ekki getað á annan hátt án mikilla erfiðleika, tímaspillis og kostnaðar fengið löglega eignarheimild fyrir eigninni.

Eignardóminum má svo þinglýsa sem eignarheimild fyrir jörðinni.

Eignardómsmál samkvæmt þessari grein skulu rekin fyrir aukarjetti. er halda skal á skrifstofu lögsagnarumdæmis þess, er fasteignin liggur í.

Nr. 46. Lög 10. nóvember um hefð.

## § 5.

Nr. 46.  
10.  
Novbr.

Naar Nogen har en frugt bærende Ting i saadan Besiddelse, som opfylder de til Hævdserhvervelse fastsatte Betingelser, jfr. § 2, og Tingen siden frakendes ham, da svarer han ej til videre Frugter end de, som han har oppebaaret fra den Dag, da Forligsklage eller Stævning blev ham forkyndt, eller Anmeldelse fandt Sted i hans Bo.

## § 6.

Hævd stifter Ejendomsret over den hævdede Ting, uden af Hævdsbesidderen behøver anden Adkomst dertil at fremvise.

Brugsrettigheder og Servituter, der ere stiftede før Hævdsbesiddelsens Begyndelse, bortfalde ved Hævdserhvervelsen, naar Besidderen har raadet over Ejendommen paa en i Strid med disse begrænsede Rettigheder værende Maade. Brugsrettigheder og Servituter, der ere stiftede af en anden end Hævdsbesidderen, imedens denne har Ejendommen i Hævdsbesiddelse, falde bort samtidig med, at der vindes Hævd paa Ejendommen, selv om der fra deres Stiftelse ikke er forløbet den fulde Hævdstid, naar den af den hævdede udøvede Raaden er uforenelig med Brugsrettens eller Servitutens fortsatte Bestaaen.

Grundbyrder og Underpanterrettigheder bortfalde ikke ved, at den behæftede Ejendom er Genstand for Hævdserhvervelse.

## § 7.

Ved Brug kan en Brugsret erhverves ved Hævd under tilsvarende Betingelser som de om Ejendomshævd gældende.

## § 8.

Hævd paa usynbare Servituter, saa som Ret til at slaa Hø paa anden Mands Jord, Græsningsret, Forstrandsret o. s. v., vindes først ved Brug i 40 Aar, og iøvrigt under de samme Betingelser som ved Ejendomshævd.

## § 9.

Den der i Hævdstid som Ejer, men uden tinglæst Adkomst, har besiddet en særskilt matrikuleret Jordejendom, eller et i Købstæder eller Handelssteder udvist Grundstykke, kan erhverve Ejendomsdom paa Ejendommen paa følgende Betingelser:

- 1) at han ved en paa den i § 10 foreskrevne Maade bekendtgjort Stævning med 6 Maaneders Varsel har indkaldt alle og enhver, som maatte formene at have bedre Adkomst til Ejendommen,
- 2) at Ingen derefter har mødt og bevisliggjort saadan Ret eller Adkomst til Ejendommen eller andre Omstændigheder, som udelukker den Andens Ejendomsret eller Hævdserhvervelse.

Dog har Citanten ved Sagens Anhængiggørelse at møde personlig i Retten og godtgøre, at Stævningen er lovlig forkyndt, samt bevisliggøre, at han har haft Ejendommen i Hævdsbesiddelse i den fulde Hævdstid, og overhovedet give alle de Oplysninger og Forklaringer angaaende Ejendomsforholdet, som af Dommeren maatte forlanges. Endvidere har han at godtgøre eller i det mindste sandsynliggøre, at han ikke eller ikke uden særdeles Vanskelighed, Tidsspilde eller Bekostning, paa anden Maade har kunnet erhverve lovformelig Adkomst til Ejendommen.

Ejendomsdommen kan derefter tinglæses som lovlig Adkomst til Ejendommen.

De ifølge denne Paragraf anlagte Sager behandles ved Extraret, der afholdes paa Retsbetjentens Kontor i den Jurisdiktion, hvor Ejendommen er beliggende.

Nr. 46.  
10.  
nóvbr.

10. gr.

Stefna sú, er getur um í 9. gr., skal birt þrisvar sinnum í blaði því á Íslandi, er flytur stjórnarvalda-auglýsingar, og skal ennfremur samtímis fest upp á þingstaðnum í dómþinghá þeirri, er fasteignin liggur í.

11. gr.

Ákvæði Jónsbókar í 26. kap. landsleigubálks og ákvæði 16. gr. í erindisbræfi biskupanna 1. júlí 1746 um hefð eru úr lögum numin.

12. gr.

Til að fylla hefðartíma má telja með eignarhald það, sem hefðandi hefur haft áður en lög þessi ganga í gildi, þó svo að engin hefð eptir lögum þessum sje talin fullnuð fyrr en í árslok árið 1910.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 10. nóvember 1905.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

---

***H. Hafstein.***

## § 10.

Nr. 46.  
10.  
Novbr.

Den i § 9 omtalte Stævning skal 3 Gange indrykkes i det for offentlige Bekendtgørelser bestemte indenlandske Blad og samtidig opslaaes paa Tingstedet i den Tingkreds, hvor Ejendommen er beliggende.

## § 11.

De i Jonsbogens Landslejbalk Kap. 26, samt Instr. for Superintendenterne 1ste Juli 1746 § 16 indeholdte Bestemmelser om Hævd ophæves.

## § 12.

Den før denne Lovs Ikrafttræden stedfundne Besiddelse kan medregnes til at udfylde Hævdstiden, dog skal Hævdserhvervelse i Medfør af denne Lov i intet Tilfælde indtræde før Udgangen af Aaret 1910.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 10. November 1905.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

*Christian R.*

(L. S.)

---

*H. Hafstein.*

Islands Ministerium, den 10. November 1905.

*H. Hafstein.*

---

*Ólafur Halldórsson.*